

Minnisblað um leiðréttingu á vísitölu byggingarkostnaðar í apríl 2011

Kerfisvilla hefur komið í ljós við innlestur á launagögnum í vísitölu byggingarkostnaðar. Afleiðingin er kerfisbundið vanmat á launakostnaði í vísitölunni frá mars 2010 til dagsins í dag. Endurútreikningur sýnir að vísitalan í apríl 2011 er rúmum 4% lægri en hún á að vera. Þessi munur verður lagfærður og mun vísitala byggingarkostnaðar, sem birt verður 20. apríl næstkomandi, hækka sem því nemur auk þeirrar mánaðarlegu breytingar sem verður á vísitölunni milli apríl og maí.

Nokkuð er um að vísitala byggingarkostnaðar sé notuð til verðtryggingar á verksamningum eða öðrum skuldbindingum. Áhrif vegna leiðréttingar vísitölunnar munu að fullu koma fram í vísitölugildi með gildistíma í maí 2011. Til leiðbeiningar fyrir notendur, sem þurfa að lagfæra niðurstöður verðtryggðra samninga, mun Hagstofan birta nýja endurskoðaða tímaröð vísitalna frá janúar 2010 til og með apríl 2011 við birtingu vísitölunnar 20. apríl.

Hagstofan notar vísitölu byggingarkostnaðar við útreikning á undirvísitölu fyrir viðhald á húsnæði í vísitölu neysluverðs og sýnir lauslegt mat á áhrifum af leiðréttingunni að þau gætu orðið 0,1–0,2% til hækkunar í maí.

Hagstofa Íslands tók í notkun nýtt vísitöluhús í grunn byggingarvísitölu í janúar 2010. Umfang verðsöfnunar var aukið og verðbreytingar launakostnaðar reistar á gögnum úr launarannsókn Hagstofunnar. Í mars 2010 var gerð breyting á innlestri launagagna í grunn vísitölunnar og við þá breytingu varð umrædd kerfisvilla til. Starfsfólk Hagstofunnar hefur að undanförunni unnið að gerð kerfisbundinna verkferla sem unnið er eftir við gerð hagtalna. Hagstofan mun í ljósi þessa atviks flýta innleiðingu þeirra.

Ítarlegar prófanir á nýju kerfi fyrir byggingarvísitölu voru gerðar við grunnskiptin, en þegar villan kom til við uppfærslu á innlestri gagna í mars 2010 var eftirlit ekki sem skyldi. Hagstofan hefur gert nauðsynlegar úrbætur á hugbúnaðarkerfinu og prófun sýnir að villan er ekki lengur til staðar. Með innleiðingu nýrra verkferla á valla sem þessi ekki að geta endurtekið sig. Hagstofan er að auki að endurskoða innra eftirlit með vísitölu byggingarkostnaðar til að tryggja gæði gagna betur. Eftirlitshlutverk þeirra sem safna og vinna launagögnin verður eftt og niðurstöður bornar saman við aðrar heimildir.

Ekki hafa nýlega verið gerðar breytingar á kerfum sem notuð eru við gerð annarra vísitalna. Hins vegar eru við útreikning annarra vísitalna notað sérstakt eftirlit og er ekkert sem bendir til þess að þar sé að finna hliðstæðar villur.

Til að auðvelda og tryggja aðkomu notenda vísitölunnar hyggst Hagstofan koma á fót sérstökum notendahópi með þátttöku fulltrúa helstu hagsmunaaðila. Með því verður skapaður vettvangur til umræðu um aðferðafræði og þróun á vísitölu byggingarkostnaðar.

Frekari upplýsingar veitir Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri í síma 528 1010 eða á netfanginu Olafur.Hjalmarsson@hagstofa.is.